

Stjórnarfundur FEB nr. 514 þriðjudaginn 3. júní 2025

kl. 13:30 í Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

Mættir aðalmenn: Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður stjórnar FEB, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Guðrún Ósk Jakobsdóttir, Gunnlaugur A. Júlíusson og Kristján Guðmundsson

Mættir varamenn: Sigrún E. Unnsteinsdóttir

Fjarverandi: Guðrún Bergmann, Kristinn Eiríksson og varamennirnir Bjarni Bjarnason og Fanney S. Jóhannsdóttir

Einnig sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar afgreidd og undirrituð

2. Fréttir frá formanni

- Formaður fór yfir það sem hefur gerst á hans vettvangi frá síðasta fundi. Hann var kosinn varaformaður LEB á stjórnarfundum sambandsins.
- Hann var tilnefndur af hálfu LEB til að taka að sér forystu fyrir vinnuhóp á vegum LEB um þau málefni aldraðra sem tengjast ofbeldi gagnvart öldruðum bæði í heimahúsum og á öldrunarheimilum. Samkvæmt skráningu á vegum lögreglunnar eru fyrirbyggjandi upplýsingar um að allt að 1000 - 1500 slík mál geti komi upp árlega hérlendis. Á fundinum komu fram upplýsingar frá stjórnarmönnum FEB þar sem þeir skýrðu frá reynslu sinni af málum af þessum toga. Formaður skýrði frá undirbúningi að fagraðstefnu þar sem þessi mál yrðu tekin fyrir og um þau fjallað af ýmsum fagaðilum. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort ráðstefnan verði opin eða hvort henni verði streymt. Stefnit er að því að ráðstefnan verði haldin þann 16. október n.k. Rætt var um hvort hliðstætt starf hafi verið unnið hjá systursamtökum LEB í öðrum norrænum ríkjum. Stjórnarmenn lýstu ánægju sinni yfir að þessi mál skuli vera komin í umræðuna innan félagsins af miklum þunga.
- Formaður skýrði frá starfi innan öldungaráðs Reykjavíkur.
- Formaður hefur verið beðinn um að taka sæti í fulltrúaráði Eirar. Hann skýrði frá ýmsum snúningum varðandi undirbúning aðalfundar og framkvæmd stjórnarkjörs Eirar.
- Samráðshópur með TR. Í honum eru formaður LEB, framkvæmdastjóri LEB og formaður FEB. Samþykkt var að framkvæmdastjóri FEB taki einnig sæti í hópnum.
- Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra. Ingibjörg H. Sverrisdóttir tók sæti í stjórn f.h. LEB.
- Formaður situr í fjórum nefndum af fimm hjá FEB. Í kjaranefnd LEB sitja Gunnlaugur A. Júlíusson og Sigurbjörg Gísladóttir. Samþykkt var að Gunnlaugur A. Júlíusson taki sæti í kjaranefnd FEB.

3. Stefnumótun, staðan

- Framkvæmdastjóri skýrði frá niðurstöðum úr verðkönnun varðandi stjórnun stefnumótunarfundar sem FEB stefnir að halda. Ákveðið var að stjórnin fari

yfir þau atriði í þegar fyrirbyggjandi stefnumótunarvinnu og vinni úr þeim. Ekki var talin þörf á að ráða sérstakan ráðgjafa til að leiða þessa vinnu. Fundurinn verði haldinn nálægt 20. ágúst n.k. Nefndir verði kallaðar saman í framhaldi fundarins og þeim áhersluatriðum sem fyrirbyggja í stefnumótun félagsins verði beint inn í nefndarstarfið.

4. Erindi frá FEB til Umboðsmanns Alþingis, staðan

- Rætt um vinnslu erindis fyrir Embætti Umboðsmanns Alþingis vegna skipan stjórnar í Öldungaráði Reykjavíkur.

5. Erindi frá aðalfundi FEB í feb. 2025

- Lagt fram erindi sem samþykkt var á aðalfundi FEB um að undirbúa rafræna kosningu til stjórnar FEB í stað beinnar kosningar á aðalfundi eins og nú hefur verið. Niðurstaðan verði lögð fyrir aðalfund félagsins á næsta ári í formi greinargerðar um tæknileg atriði og kostnað. Framkvæmdastjóri skýrði frá þeirri upplýsingaöflun sem hefur átt sér stað um málið frá aðalfundi. Ástrún og Guðrún Ósk munu vinna að verkefninu ásamt framkvæmdastjóra.

6. Önnur mál

- Ákveðið hefur verið að halda formannafund LEB n.k. haust uppi í Borgarfirði. Markmið hans er að auka kynningu og tengsl meðal félagsformanna til að efla umræðu um mál félagsmanna meðal félaganna.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn þriðjudaginn 19. ágúst kl. 13:30. Efni fundarins verður stefnumótarvinna.

Fundi slitið kl. 15:05

Fundargerð ritaði Gunnlaugur Auðunn Júlíusson

Guðrún Bergmann
Frisýna Guðmundsson
Kinnvall

Fannay, S. Jóhannsdóttir.

Guðrún Ósk Jakobsdóttir